2020 -2021

Ársskýrsla Heilsuleikskólans Bæjarbóls

Anna Bjarnadóttir
leikskólastjóri
júní 2021

Efnisyfirlit

Úrdráttur 3
Inngangur 5
Leikskólinn Bæjarból 5
Markmið leikskólastarfs 5
Einkunnarorð – gildi leikskólans 5
Samskiptasáttmáli 5
Innra starf 5
Mat á innra starfi út frá starfsáætlun 6
Þema 6
Markviss málörvun – Lesmál, Tras og Hljóm 6
Skipulögð hreyfing og útivera 6
Elstu barna verkefni 7
Myndlist – sköpun - tónlist 7
Matsþættir út frá matsáætlun 7
Matartímar – Sjálfræði og vellíðan barna 8
Lífrænn úrgangur – sjálfbærni 10
Skólapúlsinn – foreldrakönnun 10
Spil– flokkun og merkingar 11
Áhættumat Vinnueftirlitið 12
Umbótaáætlun í tengslum við mat á innra starfi : 12
Nýbreytni og þróunarstarf 13
Þróunarverkefni 13
Tæknikistan – upplýsingatækni og vísindi í leikskólastarfi: 13
Nýbreytni 13
Mannauður leikskólans 14
Starfsþróun 14
Barnahópurinn 15
Sérkennsla – stoðþjónusta 15
Foreldrasamstarf 16
Öryggismál 17
Slys á börnum 17
Slys á starfsfólki 17
Ofnæmi - óþol 17
Eigið eftirlit 17

Húsnæði og viðhald 18
Lokaorð 18
Viðauki 1 – Lífsleikni þema 19
Viðauki 2 - Umræðupunktar varðandi matmálstíma 20
Viðauki 3 - Flokkun á spilum / málörvunarefni á Bæjarbóli 21

Úrdráttur

Upplýsingablað vegna ársskýrslu leikskólans: Bæjarból 2020 – 2021

Hagnýtar upplýsingar um leikskólann: Í leikskólanum eru fjórar deildir, í húsi á lóð er fundar- og vinnuherbergi starfsmanna og leikfangageymsla. Í janúar 2021 voru börnin 79 talsins með *616* dvalarstundir. Þar af voru 42 drengir og 37 stúlkur. Flest börn voru í 8 – 8,5 tíma vistun eða 54 talsins, sjö börn voru í 5-6 tíma vistun, ellefu börn voru í 7-7,75 tíma vistun og sjö börn voru í lengri vistun eða frá 8,75-9,5 tímum. Opnunartími er frá 7:30-17:00. Heildarfjöldi starfsmanna var 30 í 24,1 stöðugildum.

Sérstaða leikskólans: Leikskólinn er heilsuskóli og starfar eftir heilsustefnunni þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, næringu og sköpun. Íþróttafræðingur sér um markvissar hreyfistundir með öllum börnum. Matseðlar eru samsettir í samræmi við viðmið og uppskriftir frá heilsustefnunni. Skapandi starf skipar jafnframt stóran sess í leikskólastarfinu í gegnum myndlist og opinn efnivið. Einkunnarorð leikskólans eru Leikgleði – Agi – Lífsleikni og samskiptasáttmáli skólans leggur grunn að viðmiðum um góð samskiptum.

Helstu verkefni og áherslur: Þema er ákveðið viðfangsefni sem tekið er fyrir í aldursskiptum hópum og er hluti af lífsleikni leikskólans. Þennan vetur var þemað „ Ég sjálf/ur og lífsleikni“. Helstu verkefni og áherslur þetta skólaárið var því á vináttuverkefni Barnaheilla, skynjunarleiki og lýðræðisleg vinnubrögð. Markviss málörvun, sköpun, tónlist og útivera er jafnframt ríkur þáttur í starfinu.

Foreldrasamstarf, áherslur: Lögð er áhersla á góð dagleg samskipti við foreldra og verkefni dagsins skráð á upplýsingatöflur fyrir framan deildirnar. Foreldrum er boðið að óska eftir samtölum hvenær sem þeir vilja en ákveðinn tími er gefinn fyrir samtöl í október og að vori þar sem heilsubók barnsins er skoðuð og farið yfir líðan, nám og annað. Foreldrasamtöl frestuðust þetta árið fram í maí - júni vegna Covid-19. Kynning á vetrarstarfinu fór fram í foreldrasamtali að hausti. Foreldrar fá sent fréttabréf mánaðarlega yfir árið ásamt vikupósti frá deildarstjórum. Einnig eru upplýsingar sendar í gegnum tölvupósta, heimasíðu og í gegnum karellen. Þrír foreldrar voru fulltrúar í foreldraráði og sjö foreldrar í stjórn foreldrafélagsins sem bauð meðal annars upp á leiksýningu, sumarhátíð og jólagleði fyrir börnin. Foreldraráð sinnti lögbundnum verkefnum og fundaði einu sinni yfir veturinn auk þess að eiga samtal um einstök málefni á netinu. Opið hús, foreldrakaffi og ömmu og afakaffi féll niður vegna samkomutakmarkana.

Nýbreytni í leikskólastarfinu: Eitt þróunarverkefni var sett á starfsáætlun þennan veturinn sem ber heitið Upplýsingatækni og vísindi í leikskólastarfi. Verkefnið er samstarfsverkefni á milli Bæjarbóls, Kirkjubóls og Lundabóls. Því miður náðist ekki að fá verkefnisstjóra og frestast framkvæmd fram á næsta skólaár. Dæmi um nýbreytni eru myndbönd frá deildarstarfi, grænt teymi sem vinnur að innleiðingu innkaupa og úrgangsstefnu Garðabæjar og aukið samstarf deildarstóra. Áætluð verkefni í tengslum við útieldhús og listasmiðju á vinaholti frestuðust en verða vonandi framkvæmd snemma á næsta skólaári.

Sérfræðiþjónusta: Sérkennslustjóri kom að starfi með 24 börnum með margvíslegum hætti í tengslum við málörvun, félagsfærni, einbeitingu, líðan og hreyfifærni. Þar af eru 15 börn með beiðni. Fjögur börn fengu úthlutaða stuðningstíma daglega.

Niðurstöður mats á skólastarfi: Til grundvallar mati á innra starfi leikskólans var annars vegar stuðst við starfsáætlun 2020– 2021 og hins vegar matsáætlun. Niðurstöður úr mati starfsmanna á innra starfi leikskólans er að mikilvægt er talið að auka enn frekar samstarf á milli deilda, meta og endurskoða fyrirkomulag vegna styttingar vinnuvikunnar og huga að frjálsum leik og aðgengi barna að leikefni. Virkja þarf börnin í lýðræðislegum vinnubrögðum meðal annars við að móta

reglur og taka þátt í að meta þætti í starfinu til dæmis matseðla. Mikilvægt er að vinna nánar með gildi leikskólans og samskiptasáttmála og gera alla meðvitaða um innihald. Útbúa þarf betra fræðsluefni fyrir nýliða í störfum.

Skólapúlsinn foreldrakönnun var framkvæmd í lok febrúar og fram í mars og svöruðu 54 foreldrar og svarhlutfallið yfir heildina var 87,1 %. Ljóst er að tækifæri leynast til úrbóta til að mynda varðandi aðlögun nýrra barna og upplýsingamiðlun. Mikil ánægja var þó með viðbrögð leikskólans við Covid eða 100% ánægja. Fjölmörg jákvæð opin svör komu fram um leikskólastarfið og starfsfólkið og almennt séð voru niðurstöður góðar og 96% ánægja með leikskólann i heild sinni.

Inngangur

Í samræmi við 5.grein laga um leikskóla frá árinu 2008 gerir leikskólastjóri rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu. Í ársskýrslunni koma fram þeir þættir sem ákveðið var að leggja mat á samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2020-2021.

Leikskólinn Bæjarból

Leikskólinn Bæjarból var opnaður 1976 þegar fyrsta deildin var tekin formlega í notkun. Bæjarból er elsti leikskólinn í Garðabæ og er í dag fjögurra deilda með rými fyrir 82 börn. Leikskólinn hefur starfað eftir viðmiðum heilsustefnunnar frá árinu 2010 þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, næringu og sköpun.

Markmið leikskólastarfs

Í leikskólanum er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á sameiginlegri ákvörðun starfsmannahópsins um vinnubrögð og starfshætti. Aðalnámskrá leikskóla og skólastefna Garðabæjar er rammi utan um starfið og út frá þeim unnin gæðahandbók sem inniheldur skólanámskrá Bæjarbóls ásamt vinnulýsingum. Markmið leikskólastarfs skv. 2.gr. laga um leikskóla frá árinu 2008 er að veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms – og leikskilyrði. Nám fer fram í gegnum leik og skapandi starf.

Einkunnarorð – gildi leikskólans

Einkunnarorð Bæjarbóls eru **leikgleði**, **agi** og **lífsleikni**. Hugtökin eru nátengd og fléttast saman í starfi leikskólans.

Leikgleði: Grundvallaratriði er að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel. Þegar gleði ríkir hefur það jákvæð áhrif á starfið og samskipti allra aðila.

Agi: Allir þurfa að fylgja ákveðnum reglum sem gilda í umhverfinu og öðlast ákveðinn sjálfsaga.

Lífsleikni: Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálf og eiga í góðum samskiptum við aðra.

Samskiptasáttmáli

Leikskólinn Bæjarból er með skráðan sáttmála varðandi samskipti. Lögð er áhersla á að samskiptin einkennist af jákvæðu viðmóti, samvinnu, nærgætni, virðingu og gleði. Sáttmálinn nær til allra í skólasamfélaginu, foreldra, starfsmanna og barna og hefur áhrif á skólabrag leikskólans.

Innra starf

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla. Matsaðferðir eru fjölbreyttar og leitast við að fá sjónarmið sem flestra sem að starfinu koma, starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.
Mat á starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt. Skráning á markvissum stundum og endurmat í lok þeirra vekur starfsfólk til gagnrýnnar hugsunar á hvað gekk vel og hvað ekki. Fara þær niðurstöður í umræður á deildarfundum sem hafa svo áhrif á mat á starfinu í heild og starfsáætlun árið á eftir.

Matsteymi innan skólans ákvarðar hvaða þættir skulu sérstaklega metnir og gerð er grein fyrir þeim í matsáætlun. Í matsteyminu eru fjórir starfsmenn leikskólans.

Mat á innra starfi út frá starfsáætlun

Þema

Þemað er ákveðið viðfangsefni sem tekið er fyrir í aldursskiptum hópum. Þennan vetur var þemað „ **Ég sjálf/ur og lífsleikni**“. Þemavinnan tengist inn í öll námsvið leikskólans með áherslu á vináttu, samskipti, tilfinningar og líkamsvitund. Hver deildarstjóri hefur ákveðið frelsi til að útfæra verkefni sem tengjast þemanu. Sem dæmi um áhersluþætti sem unnið var með í þemastundum í vetur eru vináttuverkefni Barnaheilla, skynjunarleikir, lýðræðisleg vinnubrögð, hópleikir, sköpun og tónlist.

Markviss málörvun – Lesmál, Tras og Hljóm

Lesmálsverkefni eru í ákveðnum farvegi, lesnar eru ákveðnar bækur í hverri viku og unnið með orðaforða. Á yngri deildum eru verkefni í málörvun byggð á Litlu Sól kennsluhefti en á eldri deildum er byrjað að vinna með Lubba. Með yngri börnum gafst vel að vinna með ákveðið litaþema fyrir hvern mánuð, tilfinningar, líkamshluta og söng til að auka orðaforða og efla málþroska. Auka mætti bókakost, sögupoka og málörvunarefni fyrir yngstu börnin.

Hljóm 2 próf sem tekið var á fimm ára börnum, á elstu deildinni kom mjög vel út og má álykta að vinnan við markvissa málörvun skili sér vel til að efla hljóðkerfisvitund barna og snemmtækri íhlutun þar sem þess er þörf. Mikið er lesið á öllum deildum og unnið markvisst með orðaforða.

Tras skráningarlistar eru nýttir til að fylgjast með máltöku 2 - 5 ára barna og gott að hafa slík hjálpartæki til að átta sig á stöðu hvers barns fyrir sig.

Skipulögð hreyfing og útivera

Hreyfing og útivist skipar stóran þátt í starfinu. Börnin fara út á hverjum degi og leika sér á nokkuð stóru leiksvæði leikskólans. Útiveran gerir börnum gott, þar er nægt rými til að hlaupa, klifra, hoppa, róla, renna og hvað eina sem þau velja sér í frjálsum leik. Ferskt loft og hreyfing sem er holl og góð en skv. viðmiðum frá landlækni ættu öll börn að hreyfa sig að minnsta kosti 60 mínútur á dag og hreyfingin að vera bæði miðlungserfið og erfið. Einu sinni í viku fara börnin í vettvangsferðir, þar sem gengið er rösklega um nærumhverfi leikskólans og jafnvel stoppað á skemmtilegum leiksvæðum.

Íþróttafræðingur sér um alla markvissa hreyfingu innan leikskólans. Gott er að hafa sérstakan kennara sem ber ábyrgð á hreyfingu sem verður bæði markvissari og faglegri. Íþróttafræðingur heldur jafnframt utan um skráningu á hreyfingu í heilsubækur allra barnanna og er meðvitaður um hreyfiþroska þeirra, stöðu og framfarir. Börnin á eldri deildum klæða sig í íþróttaföt og er hluti af hreyfistundinni þjálfun í að klæða sig í og úr og þau fá góðan tíma til þess. Elstu börnin fara í fimleikasalinn í Ásgarði í hverri viku en aðrir í sal leikskólans.

Haldinn var árlegur íþróttadagur í maí sem gekk að mati starfsmanna mjög vel og spennandi ávaxtapinnar í boði sem hressing í lok æfinga.

Elstu barna verkefni

Stærðfræðiefni er notað í markvissum stundum einu sinni í viku með elstu börnunum. Verkefnabækurnar hafa síðustu tvö ár verið tvær og heita Í Talnalandi 1, Í Talnalandi 2 og í Talnalandi 3 eftir Hafdísi Finnbogadóttur. Efnið er hugsað fyrir leikskólabörn og eru áherslurnar í efninu fyrst og fremst á hugtaka- og talnaskilning og jafnframt er lagður grunnur að talnaskráninu (1-9), talnalæsi ásamt því að vinna með form og mynstur. Hvert barn á sína bók og getur leyst verkefnin á sínum hraða. Leitast er við að hafa hlutbundin hjálpartæki eins og talnagrind, talnakubba og fleira. Elstu börnin eru með ákveðin verkefni sem þau vinna jafnt og þétt yfir veturinn eins og fugl vikunnar, lesmál, markvissa málörvun, ferðir á söfn og fleira.

Myndlist – sköpun - tónlist

Hver deild var með sköpunar og myndlistarverkefni innan dagskipulagsins og rými fyrir þau í hverri viku. Mikilvægt er að gefa börnum tækifæri og frelsi til að skapa í fjölbreyttum aðstæðum. Gerð voru bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni og sumt er fast í hefðum eins og jólagjafir, vorverkefni, haustverkefni og endurvinnsla á verðlausu efni. Tæknin var nýtt á tímum Covid og söngsal streymt á milli hólfa.

Eldgosið átti hug margra á vorönn og skemmtileg verk urðu til tengd því. Fjöruferð varð hvatinn að fallegum listaverkum og deildarstjórar vakandi að nýta áhuga barnanna dags daglega í skapandi verkefni. Vel gekk að vinna eftir ákveðnu skipulagi og sköpun fær sinn sess í dagskipulaginu. Foreldrar gátu stundum skoðað verk barna sinna í gluggunum en það var synd að ekki tókst að hafa opið hús og myndlistarsýningu þetta vorið.

Matsþættir út frá matsáætlun

Matsþættir voru valdir út frá matsáætlun, endurmati starfsmanna, þema vetrarins og af matsteymi. Á mynd 1 má sjá hvernig matsþættir tengjast viðfangsefnum og hvaða viðmið eru sett fram.

Einnig var metið viðhorf foreldra til margvíslegra þátta út frá skólapúlsinum, viðhorfskönnun. Matsteymið hittist tvisvar á fundum yfir veturinn og mikilvægt að starfsmenn séu meðvitaður um gildi innra mats og taki virkan þátt í gagnasöfnun.

Matspættir 2020 - 2021

Matspátt ur	Matartímar	Lífrænn úrgangur/ næring	Aðlögun barna	Spil og leikefni	Áhættumat
Tenging við aðal-námskrá	Heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, læsi og samskipti	Sjálfbærni og vísindi, heilbrigði og velferð	Heilbrigði og velferð, fjölskyldan	Læsi og samskipti	Starfs-umhverfi, náms-umhverfi
Viðmið	Auka sjálfræði barna við matarborðið og vellíðan. Sameiginlegur skilningur starfsmanna á gildi matmálstíma. Samræmd vinnubrögð	Minnka úrgang og matarsóun. Fara vel með. Börnin borða vel og smakka matinn.	90 % foreldra ánægðir með aðlögun	Spil flokkuð, merkt og gerð aðgengileg. Markmið þeirra ljós.	Stuðla að öryggi og heilbrigði
Matsgögn / hver metur	Gátlistar, umræður, vinnulýsingar. Starfsfólk og börn	Vigtun, gátlistar, matseðlar. Leikskólastjóri, matráður, aðstoð í eldhúsi, deildarstjórar og börn	Foreldrar, skólapúls, spurningakönnun	Spil, skráning. Starfsfólk, börn	Öryggis-vörður og öryggis-trúnaðarm.

Mynd 1. – Matspættir og viðmið

Matartímar – Sjálfræði og vellíðan barna

Leikskólinn Bæjarból er bæði heilsueflandi leikskóli sem tekur þátt í því verkefni á vegum landlæknisembættisins sem og heilsuleikskóli sem starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar. Í Heilsueflandi leikskólum er lögð sérstök áhersla á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu og einn af þeim er mataræði. Til að meta næringu og sjálfshjálp í tengslum við matmálstíma á Bæjarbóli þá fyllti starfsfólkið út gátlista frá Heilsueflandi leikskólum og gátlista frá Heilsustefnunni á fundi í október. Allir starfsmenn skiptu sér í fimm vinnuhópa og tóku þátt í að fylla út listann, ásamt því að eiga samtal um matartímana, matseðla og næringarstefnu.

Helstu niðurstöður úr gátlista heilsustefnunnar varðandi næringu og sjálfshjálp urðu þessar:

	Næring og sjálfshjálp	**Alltaf**	**Oft**	**Stundum**	**Aldrei**	**Ósvarað**
1	Matseðilinn er settur saman með hliðsjón af ráðleggingum Embættis landlæknis	40%	60%			
2	Matseðilinn er yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi		20%	40%	20%	20%
3	Matseðillinn er sýnilegur foreldrum	100%				
4	Viðmið Embættis landlæknis er notað þegar valin er mjólk	60%			40%	
5	Boðið er upp á fisk tvisvar í viku eða oftar	100%				
6	Boðið er upp á fjölbreytt grænmeti daglega	20%	40%	40%		
7	Ávextir eru í boði oftar en einu sinni á dag	100%				
8	Boðið er upp á lýsi eða annan D vítamíngjafa daglega	100%				

9	Trefjainnihald brauðs er að lágmarki 6 grömm á hver 100 grömm					100%
10	Vatn til drykkjar er aðgengilegt	80%		20%		
11	Máltíðir eru að mestu unnar frá grunni		20%	80%		
12	Salti í máltíðum er haldið í lágmarki < 2,5gr RDS	40%	40%			20%
13	Hörð fita í máltíðum er höfð í lágmarki	20%	40%			40%
14	Börnin eru hvött til að smakka allan mat	80%	20%			
15	Jákvæð umræða er um matinn í matartímum og fræðsla um hollustu	40%	40%	20%		

9

Viðmið skv. gátlista heilsueflandi leikskóla Mataræði		***Staða***					***Veit ekki***
		1	2	3	4	5	
1	Stefna leikskólans á sviði næringar (11 sp.)	23,6%	5,4%	14,5%	16,5%	29%	11%
2	Umgjörð og umhverfi máltíða (9 sp.)	4,4%	4,4%	9 %	22,2%	55,6%	4,4%
3	Kennsla (3 sp.)	13,3%	13,3%	20%	6,7%	26,7%	20%
4	Starfsfólk leikskólaeldhúss (2 sp.)		10%	30%			60%

Staða: 1 = Ekki komið til framkvæmda, 2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda, 3 = Að hluta komið til framkvæmda, 4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda, 5 = Að fullu komið til framkvæmda

Túlka má niðurstöður gátlista heilsustefnunnar á þann veg að Bæjarból standi sig vel hvað varðar flesta þætti á listunum. Sum atriði gátu starfsmenn illa metið þar sem skorti upplýsingar t.d. er matseðill heilsustefnunnar sem unnið er eftir yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi á vegum heilsustefnunnar. Auka má framboð af grænmeti sem hressingu yfir daginn og fjölbreytni sem matráður tók strax til athugunar sem og trefjainnihald í brauði. Mikilvægt er talið að jákvæð umræða sé um matinn og börnin hvött til að smakka.

Niðurstöður gátlista Heilsueflandi leikskóla á vegum Landlæknisembættisins sýndu fram á að starfsfólk telur tækifæri til að auka umræður um næringu og hollustu með því að nýta veggspjald um æskilega samsetningu máltíða. Kynna þarf næringarstefnu leikskólans fyrir starfsólki en stefnan er til og ekki allir meðvitaðir um hana. Starfsfólk telur að auka megi aðgengi barna að fersku drykkjarvatni og laga má vatnsfont á gangi leikskólans. Börnin mættu taka meiri þátt í að móta reglur í tengslum við matmálstíma.
Á deildarfundum hverrar deildar á haustönn var farið yfir umræðupunkta varðandi matmálstíma og sjálfræði barna. Ýmis atriði voru rædd t.d. geta börnin skammtað sér sjálf, hvernig er maturinn framborinn til að gera þeim það auðveldara, þátttaka barna í undirbúningi matmálstíma, skammtastærðir og smakk, umræður um mat og hollustu, starfsfólkið sem fyrirmyndir, biðtími þegar ekki eru allir búnir að borða og hlutverk starfsmanna við matarborðið. Mikilvægt er að börnin fái að taka þátt í að sækja matinn í eldhúsið, ná í vagnana líka á yngri deildum. Ljóst er að fjölmörg námstækifæri gefast í kringum matmálstímana, starfsfólkið verður meðvitaðra um það þegar umræðan er tekin og rýnt í vinnubrögð. Sjá má umræðupunkta í viðauka 2.

Börnin tóku þátt í að meta matinn í leikskólanum, tekin var fyrir ein vika eftir áramótin þar sem rætt var á hverjum degi við öll börn á þremur deildum hvernig þeim fyndist maturinn þann daginn, góður, vondur eða ekki viss. Niðurstöðurnar voru skráðar á þar til gerð eyðublöð og skoðaðar með matráði. Almennt séð virðast börnin mjög ánægð með matinn og mikill meirihluti taldi hann oftast góðan. Prófað var að hætta að bjóða upp á rúgbrauð með soðnum fiski og börnin alls ekki sátt með þá breytingu, það var því snögglega bætt úr því aftur. Starfsfólki var boðið upp á fyrirlestur varðandi bragðlaukaþjálfun barna á vegum Heilsustefnunnar sem passaði vel inn í matsþáttinn.

í vetur var einnig nýjung að setja saman rýnihóp úr hópi barna á Nónholti við matseðlagerð á vorönn og gafst það mjög vel. Rýnihópur settist tvisvar sinnum niður með matráði og rætt var um óskir um mat og umræður um ákveðna rétti á matseðli.

Lífrænn úrgangur – sjálfbærni

Þessi þáttur tengist náið hinum fyrri um matmálstímana. Í vetur var stofnað þriggja manna grænt teymi innan leikskólans sem hittist tvisvar sinnum yfir veturinn. Græn teymi eru nú í öllum stofnunum Garðabæjar en hlutverk þeirra er að innleiða nýja innkaupa- og úrgangsstefnu fyrir Bæjarfélagið. Einn þáttur í stefnunni er að minnka sorp og flokka eins og hægt er. Á Bæjarbóli er ein lífræn tunna og áætlað var að vigta matarafganga af deildum reglulega yfir skólaárið. Ekki náðist að framkvæma það eins reglulega og áætlað var en nýttar voru þrjár vikur í marsmánuði. Þegar matarafgangar af deildum voru vigtaðir þá var hægt að greina hversu mikið fór í lífræna sorpið frá hverri deild fyrir sig en það var mismikið. Til dæmis voru einn daginn fiskibollur í matinn og lífræna ruslið eftir matmálstíma allt frá 400 grömmum upp í 1000 grömm eftir deildum. Í kjölfarið var unnið með skammtastærðir og starfsfólkið gert meðvitaðra, sérstaklega á yngri deildum um að setja minna á diskana fyrir þau börn sem skammta sér ekki sjálf. Skoða þarf nánar þennan matsþátt næsta vetur.

Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Foreldrakönnun á vegum skólapúlsins var gerð í marsmánuði og áhersla lögð á að auglýsa könnunina og leitast við að fá góða svörun, reyndin var að 54 foreldrar svöruðu könnuninni af þeim 62 sem tóku þátt en svarhlutfallið yfir heildina var 87,1 %.

Það gladdi starfsfólk Bæjarbóls mjög að sjá fjölmörg jákvæð og falleg ummæli um bæði starfsfólk og leikskólastarfið í opnum spurningum. Sem dæmi um jákvæð ummæli voru: Skipulagið á Bæjarbóli er algjörlega á toppnum, metnaðarfullt og flott starf, samstillt starfsfólk með góða nærveru, skapandi starf er framúrskarandi. Dæmi um það sem má bæta skv. opnum svörum er: fá fleiri menntaða leikskólakennara, meira upplýsingaflæði um nám og leikfélaga, aðlögunin byrjaði ekki nægilega vel.

Ljóst er að tækfæri leynast til úrbóta til að mynda varðandi aðlögun nýrra barna og upplýsingamiðlun. Á annarri yngri barna deildinni urðu deildarstjórabreytingar í miðri aðlögun og ljóst að það hafði neikvæð áhrif á aðlögunartímann á þeirri deild. Karellen appið er mjög hjálplegt í aðlögun og það veitir foreldrum öryggi að fá myndir úr starfinu. Varðandi

upplýsingamiðlun þá hafa foreldrar áhuga á að vita meira um leik og líðan barna yfir daginn, hins vegar er oft erfitt að finna tíma í lok dags til að spjalla, deildarstjórar jafnvel farnir heim og sameinað á milli deilda. Ekki síst var þetta erfitt í vetur þegar foreldrar höfðu takmarkaðan aðgang inn í leikskólann. Foreldrar geta hins vegar ávallt leitað til deildarstjóra eða leikskólastjóra þegar þeir vilja og þarf ef til vill að upplýsa betur um það. Karellen appið var uppfært í marsmánuði og uppfærslan mikið gölluð. Upplýsingar til foreldra í gegnum Karellen, skilaboð, myndir og annað skiluðu sér því ekki nægilega vel, sem hjálpaði ekki til varðandi upplýsingaflæði.
Foreldrar sýndu því mikinn skilning að samstarfi við þá hafa verið settar ákveðnar skorður vegna Covid og 100 % ánægja með viðbrögð leikskólans við þeim aðstæðum.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Ánægja með COVID viðbrögð	100,0%	50	-	96,6%	2566/2655	3,4%

Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður hvað varðar daglegt leikskólastarf en niðurstöður könnunarinnar í heild sinni er að finna á heimasíðu leikskólans.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	96,0%	48/50	14,4%	93,0%	2480/2665	3,0%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	98,1%	53/54	-	96,1%	2680/2785	2,0%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	96,1%	49/51	0,6%	95,4%	2444/2561	0,7%
1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild	86,0%	43/50	-6,2%	87,1%	2139/2454	-1,1%
1.5. Sérþarfir í mataræði	14,8%	8/54	1,9%	15,0%	429/2872	-0,2%
1.6. Hollt mataræði	94,4%	51/54	-5,6%	94,4%	2643/2797	0,0%
1.7. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	96,3%	52/54	-	91,5%	2626/2866	4,8%

Niðurstöður voru kynntar starfsfólki á starfsmannafundi í byrjun maí og foreldrar upplýstir um að niðurstöðurnar væru aðgengilegar inn á heimasíðu leikskólans. Foreldrakönnunin gefur vísbendingar um það sem vel er gert og hvað betur má fara og starfsfólk nýtir niðurstöður til úrbóta.

Spil– flokkun og merkingar

Hluti af starfsmannafundum var notaður til að fara yfir spilakost leikskólans, flokka hann niður og merkja. Starfsfólkið fyllti inn í eyðublað þar sem farið var yfir ástand spila, tilgang, útfærslu, aldur og fjölda þátttakenda. Auka mætti öryggi starfsmanna til að nota spilin. Spilin voru einnig flokkuð eftir ákveðnu kerfi í tengslum við námsþætti, hvaða þætti þau væru góð í að örva hjá börnum t.d. orðaforða, hljóðkerfisvitund, málfræði, hlustun, stærðfræði og þess háttar. Sjá má flokkunina í viðauka 3.

Áhættumat Vinnueftirlitið

Fulltrúi frá vinnueftirlitinu kom í leikskólann í febrúar og sáu öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður til þess að fylltir yrðu út gátlistar varðandi vinnuumhverfi í leikskóla. Kom fram að bæta þyrfti skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Gera má úrbætur hvað varðar hávaðamælingu, aðstæður fyrir fatnað, huga að streitumati og nýliðaþjálfun. Í kjölfar gátlistanna verður gert áhættumat og umbótaáætlun fyrir næsta haust.

Umbótaáætlun í tengslum við mat á innra starfi :

Út frá starfsáætlun	Auka enn frekar á samstarf á milli deilda. Móttaka nýrra starfsmanna, bæta fræðslu og gera nýjan ítarlegri bækling. Heimsækja aðra leikskóla og kynna sér t.d. Lubba og fyrirkomulag matmálstíma á Hæðarbóli. Lengja tímann á hverri stöð á íþróttadegi og bæta upp hreyfingu ef hreyfistund fellur niður. Auka virkni starfsmanna í söngsal, allir taki þátt í söngnum. Endurskoða fyrirkomulag vegna styttingar á vinnuvikunni ef til vill kjósa aftur. Oftar flæði á milli deilda, t.d. á milli hópa. Gott að hafa aukið samstarf vegna styttingar vinnuvikunnar í lok dags. Huga að frjálsum leik og aðgengi að leikefni deilda. Setja í matsáætlun næsta skólaárs. Þróa málörvunarefni fyrir yngstu börnin, auka efni fyrir þann aldur.
Út frá matsáætlun	Hafa í huga eigin viðhorf til matmálstíma, matarins, starfsfólk hvetjandi og góðar fyrirmyndir. Auka fjölbreytni hvað varðar grænmeti og nónhressingu. Auka aðgengi barna að fersku drykkjarvatni, til dæmis laga vatnsfont á gangi sem hefur verið bilaður lengi. Virkja börnin á eldri deildum til að taka þátt í að móta reglur fyrir matmálstíma með kennurum að hausti. Gera nýtt starfsfólk meðvitað um að matmálstímar eru hluti af námi leikskólabarna. Samræma vinnubrögð varðandi matmálstíma. Halda áfram með rýnihóp barna með matseðlagerð, börnin æfa lýðræðisleg vinnubrögð og kynnast matráðnum. Vera vakandi yfir skammtastærðum fyrir börn, minnka lífræna sorpið og matarsóun. Skoða reikninga varðandi lífræna sorpið og magn. Vinna nánar með gildi leikskólans, gera sýnilegri sem og samskiptasáttmála. Ákveða þarf tengilið úr hópi deildarstarfsmanna í aðlögunarferli þegar ný börn byrja. Upplýsa foreldra um samtalstíma við deildarstjóra og þeir geti haft samband hvenær sem þurfa þykir. Deildarupplýsingar, leitast við að setja inn í heimasíðu uppl. um starf deilda. Hafa spiladag á starfsmannafundi, prófa spilin, læra reglur, fá spilavini í heimsókn með kynningu. Gera áætlun varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áhættumat.

Út frá því sem gekk ekki eftir í vetur, frestað fram á næsta skólaár.	Fá skyndihjálparnámskeið næsta haust Sköpunarsmiðja á Vinaholti útbúin sumarið 2021 Tvö styttri starfsmannasamtöl, að hausti með deildarstjórum og að vori með leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra Myndbandagerð, vera með skipulagða ábyrgðaraðila fyrir því sem fá tíma og rými til að sinna. Deildarstjórar vinni saman í undirbúningstímum til að skipuleggja námsefni hópa á sama aldri á mismunandi deildum. Gera útieldhús á útisvæði.

Nýbreytni og þróunarstarf

Þróunarverkefni

Tæknikistan – upplýsingatækni og vísindi í leikskólastarfi:

Sótt var um einn þróunarstyrk í þróunarsjóð leik – og grunnskóla í Garðabæ að þessu sinni og var um samstarfsverkefni á milli Bæjarbóls, Lundabóls og Kirkjubóls að ræða.

Því miður náðist ekki að framkvæma verkefnið yfir skólaárið, illa gekk að finna verkefnastjóra og erfitt að framkvæma vegna Covid, en verkefninu verður fundin leið á næsta skólaári.
Markmið verkefnisins er að vekja áhuga og forvitni barna á tækni og vísindaleikjum sem og að kynna fyrir starfsfólki leikefni sem byggir á upplýsingatækni. Takmarkið með þróunarverkefninu er að útbúa tæknikistu sem leikskólakennarar geta sótt fjölbreyttan tækni og vísindaefnivið fyrir leikskólabörn. Í kistunni mætti meðal annars finna áþreifanlega spjaldtölvuleiki, forritanlega róbóta af ýmsum gerðum, bækur, spil, kubba sem bjóða upp á viðbótarveruleika, grænt teppi fyrir myndbandsupptökur og fleira. Samvinna á milli skólanna þriggja mun styrkja þá varðandi innleiðingu efnisins, notkun og fræðslu.

Nýbreytni

Í starfsáætlun fyrir skólaárið var ákveðin nýbreytni áætluð en ekki náðist að koma öllu í framkvæmd.

- Listasmiðja á Vinaholti. Verkefnið krefst þess að unnið sé að breytingu á aðstöðunni í húsinu á Vinaholti og náðist ekki að framkvæma það yfir veturinn. Áætlað er að vinna að breytingunum sumarið 2021 þannig að listasmiðja verði orðin að veruleika haustið 2021.
- Myndbönd úr starfi send heim tvisvar sinnum á skólaárinu, haust og vor. Myndbönd voru send heim á haustönn og um sumarið. Starfsfólk er mis tæknivætt og fljótt að vinna slíkt efni og gott ef einn – tveir aðilar bæru ábyrgð á myndbandagerð fyrir leikskólann.
- Grænt teymi sjálfbærnivinna - er komin af stað og teymið meðvitað um verkefni sem liggja fyrir.
- Upplýsingatækni með börnum – þróunarverkefni – frestað fram á næsta skólaár.
- Útieldhús á leikskólalóð, drullusvæði. Frestaðist fram á sumar 2021. Það næst vonandi að vinna fyrir næsta skólaár í samráði við umsjónarmann leikvalla.
- Samstarf deildarstjóra varðandi starfshætti - varð meira þennan veturinn en oft áður ekki síst vegna styttingar vinnuvikunnar þar sem finna þurfti sameiginlegar lausnir þegar starfsfólk fer fyrr heim. Tími til samráðs er oft á tíðum ekki nægilega mikill og gott ef

deildarstjórar geta tekið sameiginlegan undirbúningstíma reglulega. Deildarstjórafundir voru mjög reglulega, í hverri viku og féllu sjaldan niður.

Mannauður leikskólans

Heildarfjöldi starfsmanna var 30 í 24,11 stöðugildum í desember 2020 og þar af störfuðu 3 leikskólakennarar, 1 framhaldsskólakennari, 2 leikskólakennaranemar, 1 uppeldis og menntunarfræðingur, 2 sálfræðimenntaðir starfsmenn, 2 íþróttafræðingar, 1 lögfræðingur, 1 listfræðingur og 15 leiðbeinendur með bæði fjölbreytta menntun og reynslu, 1 matráður og 1 aðstoð í eldhúsi.
Einn deildarstjóri og einn sérkennari voru í fæðingarorlofi frá maí 2020 og þrír starfsmenn að auki fóru í fæðingarorlof í vetur og vor. Einn starfsmaður fór í langtímaveikindaleyfi í aprílmánuði.
Ellefu starfsmenn í heildina voru í námi samhliða starfi.
Nokkuð margir starfsmenn eru í hlutastörfum, allt frá 30% starfshlutfalli upp í 90% en tæplega helmingur starfsmanna er í 100% starfshlutfalli.
Stytting vinnuvikunnar var innleidd um áramótin og nokkuð krefjandi verkefni að leysa. Starfsfólk kaus á milli nokkurra leiða sem hægt væri að fara en ljóst að styttingin eykur nokkuð álag í starfi og mikilvægt að huga betur að framkvæmd. Starfsmaður í 100% starfi fær 13 mínútur á dag í styttingu sem tekin er út aðra hvora viku, samtals 130 mínútur í senn. Engin afleysing kemur vegna styttingar, hún má hvorki skerða þjónustu né hafa í för með sér aukinn kostnað.
Í vetur var eins og áður starfandi skemmtinefnd innan leikskólans og starfsmenn reyndu að gera sér dagamun þrátt fyrir hömlur vegna Covid, t.d. var haldin ljósmyndasamkeppni á meðal starfsmanna og jólagleðin haldin í maí.
Stóran hluta vetrarins þurfti starfsfólk að skipta sér innan leikskólans í tvo hópa A og B hóp vegna Covid. Hóparnir voru hólfaskiptir t.d. varðandi salerni og kaffistofur og leysti krefjandi verkefni vegna Covid af mikilli prýði.

Starfsþróun

Í Covid breyttist margt og meðal annars voru fyrirlestrar og fræðsla oftar en ekki rafrænir í gegnum skype eða teams.
Áætlað var að bjóða upp á skyndihjálparnámskeið í vetur ásamt Lubbanámskeiði fyrir alla starfsmenn en þau frestast fram á næsta skólaár.
Starfsmannasamtöl fóru fram í maí – júní.
Í samtölum kom fram almenn góð líðan í starfi og starfsandinn almennt talinn vera góður. Hins vegar kom einnig fram að tækifæri væru innan leikskólans að vinna með gildi og samskipti. Starfsmannasamtöl eru mikilvægur vettvangur fyrir starfsmenn til að ræða líðan sína og möguleika til starfsþróunar. Nýir starfsmenn ræddu um að það hefði verið gott að fá meiri fræðslu í upphafi starfs og áætlað að útbúa bækling varðandi væntingar í starfi fyrir næsta vetur.
Á skipulagsdegi í maí fór starfsmannahópurinn á námskeiðið Lífsgæði í leikskólastarfi, þar voru settar á vinnustofur um viðhorf, líðan og hvernig samstarfsmaður hver og einn vill vera. Hér að neðan má sjá lista yfir helstu fræðslu vetrarins.

Fræðsla	Þátttakendur
Menntadagur velferð barna	Allir starfsmenn
Leikskólak. fagleg sýn	Einn starfsmaður
Kvíði barna	Átta starfsmenn
Handleiðsla	Leikskólastjóri

Bragðlaukaþjálfun	Allir starfsmenn
Vinnustund, skráningar	Allir starfsmenn
Ofnæmi og óþol	Átta starfsmenn
TRAS skráningar	Einn deildarstjóri
Kjarasamningar	leikskólastjórnendur
Grænt teymi – fyrirlestur	Fjórir starfsmenn
Lubbi finnur málbein – málörvun	Fjórir starfsmenn
Lífsgæði í leikskólastarfi – námskeið í Saga story house	Allir starfsmenn
One system skjalastjórnunarkerfi	Stjórnendateymið
Teams	Stjórnendateymið
Breytingastjórnun	Leikskólastjóri

Starfsmenn sem stunduðu nám samhliða starfi:

HÍ meistaranám í leikskólakennarafræðum	Sérkennslustj. og verkefnastjóri í hreyfingu
Sálfræðinám	Tveir starfsmenn
Félagsráðgjafanám	Einn starfsmaður
Íslenskunám	Einn starfsmaður
Framhaldsskólanám til stúdentsprófs	Einn starfsmaður
Annað nám	fjórir starfsmaður

Barnahópurinn

Í leikskólanum eru fjórar deildar. Á öllum deildum er boðið upp á breytilegan dvalartíma, frá 4 klst. til 9,5 klst. Í janúar 2021 voru börnin 79 talsins með *616* dvalarstundir. Þar af voru 42 drengir og 37 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á deildir á eftirfarandi hátt.

- 23 börn á Nónholti, fædd 2015 og 2016
- 20 börn á Móholti, fædd 2016 og 2017
- 20 börn á Hnoðraholti, fædd 2017 og 2018
- 16 börn á Hraunholti, fædd 2019

Flest börn voru í 8 – 8,5 tíma vistun eða 54 talsins, sjö börn voru í 5-6 tíma vistun, ellefu börn voru í 7-7,75 tíma vistun og sjö börn voru í lengri vistun eða frá 8,75-9 tímum.
15 börn eiga rætur að rekja til annarra landa en Íslands og eru þau lönd: Pólland, England, Bandaríkin, Venezuela, Albanía, Þýskaland, Kórea, Argentína og Færeyjar.

Sérkennsla – stoðþjónusta

Skólaárið 2020-2021 voru 24 börn sem sérkennslustjóri kom að í leikskólanum með margvíslegum hætti í tengslum við málörvun, félagsfærni, einbeitingu, líðan og hreyfifærni í samstarfi við starfsmenn deilda barnanna, íþróttafræðing skólans og heimili. Þar af eru 15 börn með beiðni. Tíu börn eru með orðabók þar sem unnið er að því að efla málþroska þeirra í samstarfi við heimili. Fjögur börn fá úthlutaða stuðningstíma daglega. Eitt þeirra fær 10 klukkutíma á dag, eitt fær 6,5 tíma á dag og tvö börn fá fjóra tíma hvort á dag. Teymisfundir eru haldnir reglulega með teymi þeirra barna sem við á. Foreldrar eru vel upplýstir um þá þjálfun sem á sér stað hverju sinni með þeirra barni.
Á Bæjarbóli er sérkennsluherbergi sem notast er við í einstaklings- og hópkennslu með börnunum. Talmeinafræðingur hjá Garðabæ vann í 7 vikna lotum í vetur á hverjum starfsstað.

Hún var á staðnum í 4 klst. á dag í 7 vikur í senn og tók börn í þjálfun, lagði fyrir þau próf, hélt skilafundi og veitti ráðgjöf.
Samráðsfundir með sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi, sérkennslustjóra, sálfræðingi og leikskólastjóra hafa verið annan hvern mánuð í vetur. Gott samstarf er í teyminu.
Talmeinafræðingur frá greiningarstöð kom reglulega og var með vinnustund með barni og ráðgjöf til starfsfólks og foreldra, ásamt því að sitja teymisfundi. Sjúkra – og iðjuþjálfar frá Æfingarstöðinni sinntu ráðgjöf og stillingu tækja fyrir leikskólann.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélagið hefur unnið með nokkuð óhefðbundnu sniði þetta ár þar sem Covid hamlaði að vissu leiti viðburðum og fundahöldum. Hins vegar var nokkuð um rafræn samskipti og samráð. Tveir nýir fulltrúar bættust í stjórn foreldrafélagsins og alls voru því 7 foreldrar í stjórn foreldrafélagsins í vetur. Þrír foreldrar voru í foreldraráðinu í vetur sem starfar skv. lögum um leikskóla. Foreldrar komu ekki mikið inn í leikskólann þetta skólaárið og vonandi verður breyting á því næsta skólaár.
Formlegir fundir foreldrafélagsins voru einn á haustönn og einn á vorönn en auk þess voru samskipti bæði í gegnum facebook síðu og tölvupósta til umræðna og skipulagningar.
Foreldrafélagið skipulagði bæði viðburði á haust- og vorönn en breyta þurfti áætlun í samræmi við fjöldatakmarkanir og sóttvarnarviðmið. Piparkökuskreytingardagur, foreldrakaffi, ömmu- og afakaffi og opið hús féllu niður. Sumarhátíð í byrjun júní var án foreldra líkt og í fyrra. Foreldrafélagið greiddi fyrir leiksýningar, jólagleði, sumarhátíð og útskriftarferð í Slakka. Einnig gaf foreldrafélagið leikskólanum þrautabraut fyrir yngri börn.
Þar sem fá börn voru að útskrifast í vor náðist að bjóða foreldrum að vera við stutta útskriftarathöfn.
Foreldraráðið skilaði inn umsögn um starfsáætlun og hélt einn morgunfund í desember. Einnig áttu fulltrúar samtal um ýmis mál á netinu, meðal annars um niðurstöður úr skólapúlsi foreldrakönnun.
Almennt er lögð áherslu á góð dagleg samskipti við foreldra og verkefni dagsins skráð á upplýsingatöflur fyrir framan deildirnar þannig að foreldrar geta fylgst með hvað börnin þeirra eru að gera yfir daginn. Vegna Covid var aðgengi foreldra inn í leikskólann nokkuð mikið heft og því leitast við að hafa gott upplýsingaflæði frá leikskólanum eftir fjölbreyttum leiðum, meðal annars í gegnum Karellen og tölvupósta. Leikskólastjóri sendir jafnframt fréttabréf mánaðarins, setur inn fréttir úr starfinu á heimasíðu og auglýsir sérstaklega viðburði innan leikskólans. Starfsmenn deilda senda mikið myndir úr starfinu sem segja meira en mörg orð og hver deild útbjó myndband úr starfinu sem sent var heim til foreldra og var mikil ánægja með það.
Ný uppfærsla á Karellen appi á vorönn hamlaði þessum samskiptum nokkuð mikið þar sem uppfærslan var ekki að virka sem skyldi. Bæði starfsmenn og foreldrar fundu vel fyrir því að appið var ekki að virka samkvæmt áætlun og veruleg óánægja með það.
Foreldrum var boðið upp á tvö samtöl yfir skólaárið. Eitt að hausti sem var nokkurs konar upplýsingasamtal um fyrirhugað vetrarstarf og annað að vori þar sem heilsubók barnsins er skoðuð og farið ítarlegar yfir líðan, nám og annað. Samtölin frestuðust fram í maí vegna Covid en það gekk að hafa þau í Vinaholti og öllum samtölum lokið í byrjun júní.

Öryggismál

Slys á börnum

Slys á börnum eru skráð á þar til gerð eyðublöð og geymd í ákveðinni möppu á skrifstofu leikskólastjóra. Einnig eru slys skráð á Atvik og óhætt að segja að vel sé haldið utan um allar skráningar varðandi slys. Mest var um minniháttar meiðsl sem kröfðust ekki neinnar eftirfylgni en 11 slysaskýrslur voru fylltar út frá 1. júní 2020 -31.maí 2021. Alvarlegri slys þar sem börnin þörfnuðust aðhlynningar á heilsugæslum, slysadeild eða hjá tannlækni má sjá í töflunni hér að neðan.

Staðsetning	Áverki
Inni	**Fall á leikfang – tannlæknir**
inni	**Fall á ofn – skurður – heilsugæslustöð**
Úti	**Datt á hjóli – tennur – tannlæknir**
Úti	**Datt á leiktæki – skurður - slysadeild**

Slys á starfsfólki

Tvær slysaskýrslur eru skráðar á starfsfólki. Annars vegar klemmdi starfsmaður sig á hurð í sviptivindi og meiddist á hendi. Hins vegar fékk starfsmaður á sig heita gufu í andlitið úr ofni í eldhúsi og brenndist lítillega á vörum og nefi.

Ofnæmi - óþol

Nokkuð mörg börn eru greind með ofnæmi og óþol en samtals voru 13 börn með sérþarfir í mataræði í vetur. 10 voru með vottorð frá lækni. Í gæðahandbók eru ákveðnir verkferlar í kringum börn með sérþarfir vegna ofnæmis eða óþols.. Ekki kom upp að barn fengi ofnæmiskast í leikskólanum og engin atvikaskráning.

Eigið eftirlit

Á hverjum morgni er farið yfir útileiksvæðið áður en börnin fara í útiveru til að tryggja að ekkert hættulegt reynist þar, þessi yfirferð er ávallt skráð. Til er vinnulýsing þar sem kemur fram hvað felst í eftirliti að morgni. Það helsta sem er skráð í garðeftirliti eru skemmdir á leiktækjum og ruslasöfnun.

Árlega sjá óháðir aðilar um aðalskoðun leiksvæðis og senda skýrslu í kjölfarið og aðalskoðun BSI var framkvæmd í mars mánuði.

Allar bilanir á húsnæði og leiksvæði er varða öryggi eru tilkynntar eins fljótt og auðið er og brugðist við þeim.

Slökkviliðsmenn þurftu að aflýsa heimsókn í leikskólann sem fyrirhuguð var í vetur vegna Covid.

Mánaðarlega er farið yfir gátlista varðandi eldvarnir og passað upp á að allt sé í góðu lagi hvað varðar lýsingu, neyðarútganga og fleira. Einnig er árlegt eftirlit með slökkvitækjum og eldvarnarbúnaði.

Í skólanum eru öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem sinna eftirliti í samræmi við vinnuverndarlög nr. 46/1980. Í marsmánuði sáu þeir um að fylltir voru út gátlistar frá Vinnueftirlitinu varðandi starfsumhverfi í leikskólanum.

Húsnæði og viðhald

- Í maímánuði 2020 var tekin ákvörðun um að láta teikna endurnýjun á eldhúsaðstöðu og áætluð framkvæmd sumarið 2020. Framkvæmd hófst í september og lauk í nóvember. Einingahús var sett á lóð fyrir framan sem bráðabirgðaeldhúsaðstaða á meðan á breytingum stóð. Eldhústæki voru nánast öll endurnýjuð, ofn, eldavél, ísskápur og frystiskápur.
- Í maímánuði 2020 var tekin ákvörðun um að endurnýja útisvæði með tilliti til yngstu barna og áætluð framkvæmd sumarið 2020. Áætlun gekk eftir og lokið við að endurnýja svæðið í lok september en framkvæmdir drógust nokkuð. Búið er að breyta svæðinu þannig að ekki þurfi að fara með börnin niður brattar tröppur til að komast á ungbarnasvæðið eins og var. Á svæðinu er nýr sandkassi með litlu húsi, tvær ungbarnarólur og rennibraut. Upp við leikskólahúsið voru einnig gerðar endurbætur en þar var hellum skipt út fyrir mjúkt undirlag og sett lág girðing í kringum ákveðið svæði. Með þessu er aukin fjölbreytni fyrir yngstu börnin á útisvæðinu og tækifæri til að hafa þau nær húsinu í leik. Börnin leika sér nú í öruggara umhverfi á leikskólalóðinni enda er útivera ríkur hluti af leikskólastarfi.
- Settur var nýr veglegur geymsluskápur í salinn þar sem geymslurými salarins fór í stækkun á eldhúsi.
- Nýtt leiktæki var sett í garðinn í júní 2021, hringekja.

Bæjarból hefur aðgang að þjónustu húsvarðar sem sinnir einnig Garðaskóla og Kirkjubóli.

Lokaorð

Fjölmörg krefjandi verkefni einkenndu skólaárið, meðal annars viðbrögð við Covid, skipulagsbreytingar vegna styttingar vinnuvikunnar, innleiðing skjalakerfis og breytingar á undirbúningstímum leikskólakennara. Það var mikill léttir þegar allir starfsmenn voru komnir með bólusetningu fyrir Covid nú í vor og hlutirnir smám saman að komast í eðlilegt horf í samfélaginu. Sem betur fer slapp leikskólinn vel, engin sýking kom upp og starfið gekk nokkuð smurt fyrir sig með góðu samstarfi allra. Stytting vinnuvikunnar og aukinn undirbúningstími leikskólakennara verður verkefni okkar áfram næsta vetur, að finna bestu leiðirnar, bæði fyrir starfsfólk og börnin. Engin afleysing kemur inn vegna styttingarinnar og álagið því meira á aðra starfsmenn. Miðað við atvinnuleysi í samfélaginu á tímum Covid kemur á óvart að enn berast fáar umsóknir um laus störf og mikilvægt að huga að starfsumhverfi í leikskólum almennt.
Eftir árið er efst í huga þakklæti, fyrir öflugt og sveigjanlegt starfsfólk og gott samstarf við foreldra sem einkenndist af mikilli jákvæðni.

Garðabæ 18.júní 2021
Anna Bjarnadóttir
Leikskólastjóri

Lífsleikni þema

Ég sjálfur, vinátta og tilfinningar – markmið með þema

Ég sjálfur:

Að barnið læri að þekkja líkama sinn og færni

Að auka sjálfstraust, trú á eigin getu

Að barnið fái tækifæri til að efla hreyfiþroska og hreyfigetu í samsvistum við önnur börn

Vinátta:

Að auka skilning á gildi vináttunnar

Að auka færni í samskiptum

Að barnið læri reglur í samskiptum og virði þær

Að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla og Blæ bangsa

Tilfinningar:

Að barnið læri að þekkja eigin tilfinningar og annarra

Að barnið læri að setja orð á tilfinningar og líðan

Að hvetja til rökhugsunar, spyrja spurninga og leita svara

Viðauki 2 - Umræðupunktar varðandi matmálstíma

1. **Nýtir starfsfólk deildarinnar matmálstímana til náms og samskipta við börnin (t.d. orðaforði, borðsiðir, fræðsla um hollustu, hvaðan kemur maturinn, hvert fer afgangurinn, skammtastærðir, spjall um daginn og veginn) ?**
2. **Er lögð áhersla á sjálfræði barna miðað við aldur og þroska ?**
3. **Fá börnin að hafa áhrif á skammtastærðir?**
4. **Eru samræmdar reglur við matarborðin innan deildarinnar/leikskólans t.d. varðandi að smakka, fá meira eða leifa matnum, að spjalla ?**
5. **Eru starfsmenn góðar fyrirmyndir með jákvætt viðhorf og hvetjandi ?**
6. **Gætu börnin mögulega haft meiri áhrif í tengslum við matartíma en nú / hvað þá helst ?**
7. **Eru tækifæri til að minnka matarsóun á deildinni eða í skólanum ?**
8. **Annað sem starfsfólki dettur í hug varðandi matmálstímana ?**

Viðauki 3 - Flokkun á spilum / málörvunarefni á Bæjarbóli

Framburður	Málhljóð, hvernig börnin bera fram hljóð í orðum.
Hljóðkerfisvitund	Hljóðkerfisvitund er vitund um hljóðkerfi tungumáls. Hún snýr að tilfinningu og næmni einstaklingsins fyrir uppbyggingu tungumálsins.
Orðaforði	Safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu.
Setningar	Tengja orð saman í setningar, uppbygging setninga
Málskilningur	Að skilja merkingu orða, er háð reynslu og samhengi
Málfræði	Þær reglur sem tungumálið byggist á
Hlustun / heyrnarminni	Þjálfar athygli og einbeitingu ásamt skammtímaminni.
Málnotkun	Notkun tungumálsins í mismunandi aðstæðum
Stærðfræði	Talnaskilniningur, stærðfræðihugtök, form, mynstur, mælingar og fleira
Flokkun og röðun	Flokka og raða eftir ákveðnum einkennum t.d. lit, stærð, form og svo framvegis